

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 155/1967. **Auðunn Þorsteinsson**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Sigríði Þorsteinsdóttur

(Jón Bjarnason hrl.)

og Jóni Ísberg sýslumanni f. h. dánar- og félagsbús Þorsteins Bjarnasonar og

Margrétar Kristjánsdóttur

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. okt. 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann þess, að húseignin „Margrétarhús“ á Blönduósi verði talin sameign sín og bróður síns Kristjáns Þorsteinssonar og henni haldið utan við skipti á dánar- og félagsbúi foreldra þeirra, Þorsteins Bjarnasonar og Margrétar Kristjánsdóttur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, Sigríðar Þorsteinsdóttur.

Stefnda, Sigríður Þorsteinsdóttir, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst þess, að hrundið verði kröfu áfrýjanda og honum gert að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Stefndi, Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, krefst þess f. h. dánar- og félagsbúsins, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Er Margrét Kristjánsdóttir gerði hinn 15. ágúst 1948 kaupsamning við syni sína, áfrýjanda Auðunn og Kristján Þorsteinssyni, um sölu á íbúðarhúsi sínu, „Margrétarhúsi“, hafði hún eigi fengið leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu félags- og dánarbúi sínu og látins eiginmanns síns, Þorsteins Bjarna-

sonar, og brast því heimild til slíkrar ráðstöfunar á eign bú-
ins án samþykkis allra samerfingja sinna. Verður kröfu áfrýj-
anda því þegar af þeirri ástæðu hrundið.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti
falli niður, en dæma ber skipuðum málflytjanda stefndu,
Sigríðar Þorsteinsdóttur, fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun úr
ríkissjóði, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Kröfu áfrýjanda, Auðuns Þorsteinssonar, í máli þessu
er hrundið.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Sigríðar
Þorsteinsdóttur, fyrir Hæstarétti, Jóns Bjarnasonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður skiptadóms Húnavatnssýslu 13. desember 1966.

Sóknaraðiljarnir, Auðunn Þorsteinsson, Bergstaðastræti 9 B hér
í borg, og Kristján Þorsteinsson, Blönduósi, hafa gert þær réttar-
kröfur, að húseignin „Margrétarhús“ á Blönduósi verði talin eign
þeirra sameiginlega og henni þannig haldið utan við skipti á
dánar- og félagsbúi Þorsteins Bjarnasonar og Margrétar Kristjáns-
dóttur í skiptarétti Húnavatnssýslu og að þeim verði úrskurðaður
málskostnaður úr hendi varnaraðiljans, Sigríðar Þorsteinsdóttur.

Varnaraðilinn, Sigríður Þorsteinsdóttir, Grenimel 31 hér í borg,
hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að
sér verði úrskurðaður málskostnaður úr höndum sóknaraðiljanna
in solidum.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutn-
ingi, sem fram fór 2. þ. mán.

Hinn 25. júlí 1937 andaðist Þorsteinn Bjarnason, búsettur á
Blönduósi. Dánar- og félagsbúi hans og konu hans, Margrétar
Kristjánsdóttur, var þá ekki skipt. Margrét andaðist 19. maí
1964.

Uppskrift á eignum dánar- og félagsbús þessa fór fram á
Blönduósi 12. ágúst 1964, sjá rskj. 5/I. Þar kom fram, að erf-
ingjar í búinu eru 3 börn hinna látnu hjóna, Auðunn, Kristján
og Sigríður, öll lögráða. Við uppskriftina komu fram auk innan-

stokksmuna, sem metnir voru á kr. 5.400.00, íbúðarhúsið „Margrétarhús“ á kr. 35.200.00 og bankainnstæða, kr. 11.521.46. Skuldir eru ekki tilfærðar nema útfararkostnaður, kr. 15.000.00. Í lok uppskriftar kom fram samningur um sölu „Margrétarhúss“ til sóknaraðiljanna, sjá rskj. 5/II, og verður síðar gerð grein fyrir þeim gerningi.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. 5/IV bréf sóknaraðiljans Auðuns til sýslumanns Hánavatnssýslu, dags. 8. sept 1963, þar sem hann spyr, hvort skipti hafi farið fram á dánarbúi föður síns. Þá liggur fyrir bréf umboðsmanns Auðuns til sýslumanns, dags. 27. júní 1964, þar sem þess er óskað, að dánar- og félagsbúið verði tekið til opinberrar skiptameðferðar. Erindi þetta ítrekar hann með bréfi 7. janúar 1965. Sjá hér að lútandi rskj. 5/VII.

Skiptafundir voru haldnir í búinu 14. júní og 13. júlí 1965, og vísast þar um til rskj. 2 og 3. Kom þá fram ágreiningur um það milli erfingjanna Auðuns og Kristjáns annars vegar og Sigríðar hins vegar, hvort með „Margrétarhús“ skyldi farið sem eign búins, og var ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál skyldi rekið um þann ágreining. Hinn 19. júlí 1965 kvað sýslumaður Jón Ísberg upp úrskurð þess efnis, að hann viki sæti í þessu skiptaréttarmáli, enda hafði hann á sínum tíma aðstoðað við gerð samnings þess, sem kröfugerð sóknaraðiljanna byggist á. Er þessi úrskurður sýslumanns lagður fram sem rskj. 4 í máli þessu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 25. nóvember 1965, rskj. 1, var Þorsteinn Thorarensen lögfræðingur skipaður til þess að fara með og úrskurða skiptaréttarmál þetta sem setuskiptaráðandi, og hefur hann kveðið upp þennan úrskurð.

Það er komið fram í máli þessu, að í búi þessu voru byggingar auk íbúðarhússins — vörugeymsluhús, sláturhús með viðbyggingu, enn fremur fjós með hlöðu, haughús og gryfju. Lagðir hafa verið fram í málinu 3 uppdrættir, rskj. 8, 9 og 10, sem sýna afstöðu þessara bygginga. Þá hefur komið fram ljósmynd, sem sýnir nokkur húsanna, en hefur ekki verið lögð fram sem réttarskjal.

Í málinu liggur fyrir sem rskj. 5/VIII kaupsamningur, dagsettur 3. ágúst 1952. Þar selur og afsalar Margrét Kristjánsdóttir Konráði Diomedessyni, kaupmanni á Blönduósi, eiginmanni dóttur hennar, Sigríðar, útihúsum þeim, sem „tilheyra dánarbúi“ Þorsteins Bjarnasonar, sem sé: byggingum þeim öllum, sem hér að framan er getið, að undanteknu íbúðarhúsi, og með tilheyr-

andi lóðarréttindum samkvæmt nánar tilgreindum mörkum. Kaupverð er kr. 13.500.00, og segir í samningnum, að það sé greitt með „skuldabréfi, útgefnu í dag“. Á samning þennan hafa börn Margrétar, Auðunn, Kristján og Sigríður, ritað, að þau séu „samþykkt ofanrituðu afsali ásamt veðskuldabréfi, útgefnu af Konráði Diomedessyni í dag til greiðslu ofanefnds kaupverðs“.

Konráð Diomedesson er nú látinn fyrir allmörgum árum.

Sóknaraðiljarnir hafa bent á það, að enda þótt nýnefndur kaupsamningur sé dagsettur á árinu 1952, hafi Konráð Diomedesson fengið umrædd hús til umráða miklu fyrr, eða um það bil árið 1945. Fram hafa komið gögn í málinu, sem hníga í þessa átt, og umboðsmaður varnaraðilja tók sérstaklega fram í munnlegum flutningi málsins, að hann mótmælti ekki þessari staðhæfingu sóknaraðiljanna.

Þá hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 5/II kaupsamningur Margrétar Kristjánsdóttur við syni hennar, Auðun og Kristján. Þessi samningur er dagsettur 15. ágúst 1948. Þar selur Margrét þeim bræðrum íbúðarhús sitt á Blönduósi, „tilheyrandi dánarbúi“ Þorsteins Bjarnasonar, með lóðarréttindum. Kaupverð er kr. 32.000.00, og lýsa kaupendurnir því yfir, að þeir greiði það „á þann hátt, sem ákveðið verður, þegar skipti fara fram á dánarbúi Þorsteins sál. Bjarnasonar“. Þá segir svo í samningnum: „Afsalsbréf fyrir eigninni geta kaupendur fengið, þá er þeir óska, en greiða skal þann kostnað, sem leiðir af þinglestri og stimplun þess“. Þá getur þess í samningnum, að kaupendur taki að sér að greiða skatta og skyldur af eigninni að liðnum 1. september 1948.

Um leið og sóknaraðiljarnir benda á, að þau Sigríður og Konráð Diomedesson hafi verið búin að fá útihús afhent, alllöngu áður en samningurinn á rskj. 5/II var gerður, staðhæfa þeir, að salan á „Margrétarhúsi“ til þeirra hafi aðeins verið gerð til þess að jafna hlut þeirra sem erfingja gagnvart Sigríði og aldrei hafi verið ætlunin, að þeir skyldu greiða neitt kaupverð, þótt samningurinn geri ráð fyrir því. Segja megi, að báðar þessar afhendingar hafi verið fyrirframgreiðsla upp í arf úr hinu óskipta búi. Þannig telja þeir sig hafa orðið eigendur að „Margrétarhúsi“ þegar hinn 15. ágúst 1948, þótt ekki hafi verið formlega tekið við eigninni, og sé hús þetta því óviðkomandi búinu.

Auðunn Þorsteinsson hefur gefið skýrslu hér í réttinum. Kveðst hann ekki hafa greitt nein opinber gjöld af „Margrétarhúsi“ fyrr en í janúar 1966, að hann hafi greitt tveggja ára fasteignagjöld og eins árs brunabótagjald að beiðni sveitarstjóra Blönduós-

hrepps, sem hafi vitjað gjaldanna til hans. Hann kveðst engar tekjur hafa haft af húseigninni, en leyft móður sinni leigulausa dvöl þar. Hann kveðst muna, að varnaraðilinn Sigríður hafi verið viðstödd undirritun á rskj. 5/II, og minnir, að maður hennar Konráð hafi einnig verið þar.

Varnaraðili mótmælir því, að móðir þeirra aðiljanna hafi haft leyfi til setu í óskiptu búi. Sú muni hafa verið skoðun allra erfingja, sbr. það, að þörf muni hafa verið talin á, að allir samþykktu þeir ráðstöfun hennar á útihúsunum til Konráðs. Þannig hafi hún ekki haft heimild til að ráðstafa húseign búsins til sóknaraðiljanna án síns samþykkis.

Því er mótmælt af varnaraðilja hálfu, að jafna hafi þurft hlut sóknaraðilja gagnvart henni. Gjöld hafi komið fyrir þau hús, er hún og maður hennar fengu, og hafi þar ekki verið meiri kostkaup en sóknaraðiljum voru boðin með samningum til þeirra. Jafnframt er því mótmælt, að þeir skyldu ekki inna af hendi kaupverð íbúðarhússins. Auðsætt sé, að samningurinn á rskj. 5/II sé ekki annað og meira en samkomulag um, að sóknaraðiljar skyldu eiga heimtingu á að fá afsal fyrir húsinu að uppfylltum skilyrðum, einkum því að greiða af hendi kaupverðið. Þetta hafi þeir þó látið hjá líða allan þann tíma, sem móðir þeirra lifði, og jafnvel hafi þeir ekki boðið slíkt fram í máli þessu, — hún hafi haldið áfram að greiða skatta og skyldur af húsinu og þeir hafi ekki talið sér húsið til eignar á neinum vettvangi. Máské muni aldrei hafa verið tilætlunin, að samningur þessi kæmi til framkvæmda, og eins og nú sé málum komið, sé alsendis útilokað að taka tillit til ákvæða hans, t. d. séu nú allar forsendur fallnar niður fyrir þeirri ákvörðun kaupverðs, sem ef til vill hafi þótt sanngjörn árið 1948.

Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur gefið vitna-skýrslu í máli þessu. Kveður hann, að vel megi vera, að hann hafi skjalfest samning Margrétar Kristjánsdóttur við sóknaraðiljana, en nú orðið kveðst hann lítið geta borið um viðræður aðilja, sem fram kunni að hafa farið af því tilefni, en þeir aðiljarnir muni hafa verið búnir að koma sér saman um efni samningsins. Hann kveðst hafa lítið svo á, að samningurinn hafi verið gerður í þeim tilgangi að jafna hlut þeirra bræðra gagnvart Sigríði, sem þá hafi verið búin fyrir nokkru að fá eignir úr búinu. Hann segist hafa talið, að greiðsla kaupverðs samkvæmt þessum samningi hafi ekki endilega átt að fara fram, þó kveðst hann nú ekki muna, á hverju hann byggði þetta álit sitt.

Sýslumaður hefur upplýst, að ekki finnist í skjölum sýslumannsembættisins beiðni frá Margréti Kristjánsdóttur um setu í óskiptu búi. Heldur ekki liggi þar fyrir, að hún hafi fengið til þess skriflegt leyfi og hafi það lengst af ekki tíðkast við embættið, að skrifleg plögg væru gerð um þess háttar atriði. En aldrei hafi verið bornar á það brögður, að Margrét hefði búsetuleyfi.

Þá hefur Pétur Sæmundsen bankastjóri, Guðrúnargötu 9, mætt sem vitni í máli þessu, en hann er vitundarvottur á rskj. 5/VII, samningi Margrétar Kristjánsdóttur við Konráð Diomedesson. Hann segist álíta, að samningur Margrétar við Konráð hafi aðeins verið staðfesting á löngu orðnum hlut, enda hafi Konráð þá fyrir löngu verið búinn að fá þessi hús og gerbreyta þeim. Kaupverðið hafi verið mjög lágt, en um það hafi ráðið bæði ástand húsanna og tillit til kaupverðs í samningi Margrétar við sóknaraðiljana. Segir Pétur Sæmundsen það skoðun sína, að síðarnefndur samningur hafi átt að koma til jöfnunar afhendingunni á útihúsunum til Konráðs og Sigríðar. Kveðst hann nú ekki muna, hvort hann var vottur að skuldabréfi því, sem getur á rskj. 5/VIII, eða hvort það var gefið út.

Fram er komið í máli þessu, að varnaraðilinn, Sigríður Þorsteinsdóttir, og maður hennar, Konráð Diomedesson, hafi fengið húseignir úr búinu, og þykir ekki ástæða til að efa, að Konráð hafi um leið gefið út skuldabréf fyrir kaupverðinu, þó að ekki sé sérstaklega upplýst um afdrif þess.

Nú orðið eru engin tiltök að gera sér grein fyrir innbyrðis verðmæti húseigna þeirra, sem um getur í máli þessu, og þannig er ekkert sérstaklega fram komið um, að þörf hafi verið á að jafna hlut þeirra bræðra, sóknaraðiljana, sem erfingja í búinu.

Þess getur ekki í samningi Margrétar Kristjánsdóttur við syni sína, að þar hafi vakað fyrir aðiljum að gera jöfnunargerð og hefði það þó legið beint við, ekki hvað sízt, þegar á það er litið, að afhending útihúsanna til Konráðs Diomedessonar hafi þá þegar farið fram. Í þessum samningi er þvert á móti gert ráð fyrir því, að þar greint kaupverð skuli gert upp, þá er skiptagerð fer fram.

Verður ekki komizt hjá því að vísa á bug þeirri staðhæfingu sóknaraðiljana, að þeir hafi orðið eigendur að „Margrétarhúsi“ við það, að samningurinn á rskj. 5/II var gerður án frekari athafna af þeirra hálfu, þegar jafnframt er á það litið, að ekki verður séð, að þeir hafi á öllum þeim tíma, sem frá samningsgerð er liðinn, neytt aðilda eigenda að húseign þessari.

Verður ekki annað fyrir hendi en að vísa réttarkröfum sóknar-

aðiljanna á bug. Að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Réttarkröfur sóknaraðiljanna eru ekki teknar til greina.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. október 1967.

Nr. 84/1966. **Guðmundur Agnar Ásgeirsson og
Björn Davíðsson** (Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
**oddvitum Andakílshrepps og Lundarreykja-
dalshrepps f. h. hreppanna**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Omerking. Heimvisun. Landamerkjамál. Botns-, vatns-
og veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1966 og haft uppi þessar dómkröfur: *Aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi og stefndu dæmdir til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, en *til vara*, að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefndu í málinu og dæmdur málskostnaður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 3. júlí 1965 afsalaði áfrýjandi Guðmundur Agnar Ásgeirsson Veiðifélaginu Bláskógum s/f jörðinni Þverfelli